



Kæru DKG systur

Nú nálgast vorþingið óðum. Yfirskrift þess er **Góðir hlutir gerast.**

Á vorþinginu verða kynnt spennandi þróunarverkefni frá öllum skólastigum.

Daginn fyrir vorþingið verður **leiðtoganámskeið** sem Helen Popvich, gestur okkar frá alþjóðasamtökunum mun sjá um. Það út af fyrir sig er mjög áhugavert.

Sem betur fer er margt í boði þessa helgi og því má með sanni segja að ekki sé skortur á umfjöllun um menntamál. En það er einnig nauðsynlegt að umræðunni sé haldið vakandi þegar kreppir að og athygli vakin á því sem vel er gert.

Vonandi sjá sem flestar félagskonur sér fært að koma á vorþingið og/eða á leiðtoganámskeiðið. Báðir þessir atburðir verða opnir þeim sem hafa áhuga á að fylgjast með spennandi umræðu um menntamál. Meginmarkmiðið er að hafa áhrif á jákvæða og uppbyggjandi umræðu í þjóðfélaginu. Það gerum við með því að hvetja DKG konur sem og aðra til að mæta og taka þátt í uppbyggilegri umræðu. Skráning fer fram á www.dkg.muna.is og hvet ég konur til að skrá sig sem fyrst.

Við munum opna fyrir síðu á netinu þar sem hægt er að senda inn linka á áhugaverð efni sem þið vitið af í nánasta umhverfi ykkar. Ég bendi t.d. á stóru upplestrarkeppnina. Það verkefni er alveg stórkostlegt og við megum vera stoltar af að DKG systir er þar í fararbroddi. Ingibjörg Einarsdóttir í Gammadeild er ein af frumkvöðlum þess verkefnis og stýrir því um allt land. Nú um páskana lesa börn, sem hafa tekið þátt í þessari keppni, Passíusálmana á föstudaginn langa í annað sinn.

Ég óska ykkur gleðilegra páska og hlakka til að sjá ykkur 16. og 17. apríl.

Ingibjörg Jónasdóttir
forseti landssambandsins